



# Kajakferðir og kajakleigur

Sértæk gæðaviðmið nr. 218

5. útgáfa 2022

Eftirfarandi gæðaviðmið eru fyllt út af fulltrúa fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gefa greinagóðar upplýsingar um það hvernig hvert og eitt viðmið, sem á við starfsemi fyrirtækisins, er uppfyllt t.d. með tilvísun í gæðahandbók, öryggisáætlanir, myndir eða önnur gögn. Í vettvangsheimsókn sannreynir úttektaraðili upplýsingarnar.

218-1	Öryggi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
218-1.1	Til er ferðaáætlun fyrir hverja ferð (skrifleg lýsing) þar sem m.a. er fjallað um leiðir sem fara skal, tímaáætlun og fyrirkomulag ferðar.			
218-1.2	Í ferðaáætlun skal eftirfarandi m.a. tilgreint: <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Leiðakort.</li> <li>b. Lýsing á veðurfari á svæðinu, sjávarföllum og straumum og áhrifum þeirra.</li> <li>c. Upplýsingar um aðstöðu á svæðinu, t.d. tjald- og húsvagnasvæði, gistiskála, endimörk vega, örugga lendingarstaði og aðgengi að vatnsbirgðum.</li> <li>d. Upplýsingar um hættur á svæðinu t.d. rif, grynningar, ár og skipaleiðir</li> </ul>			
218-1.3	Fyrirtækið heldur skrá um viðskiptavini, leiðsögumenn og aðra starfsmenn í hverri ferð. Upplýsingar (einkennismerki) um kajak og búnað hvers og eins eru skráðar.			
218-1.4	Til er gátlisti um öryggisbúnað í ferðum t.d.: <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Búnað til að veita fyrstu hjálp.</li> <li>b. Fjarskiptabúnað.</li> <li>c. Leiðsögutæki.</li> <li>d. Aukafatnað.</li> <li>e. Annað eftir aðstæðum í hverri ferð.</li> </ul>			

218-1.5	Skýrt er hver flytur öryggisbúnað með sér og við hvaða aðstæður hann skal notaður.			
218-1.6	Lágmarksaldur til þátttöku í siglingum er tilgreindur í öryggisáætlunum fyrirtækisins. Heimild til þátttöku er staðfest af forráðamanni ef þátttakandi er undir lögaldri.			
218-1.7	Til eru skrifleg viðmið um fjölda viðskiptavina á leiðsögumann eftir aðstæðum í hverri ferð, t.d.: a. 6:1 opnir firðir og stærri vötn. b. 8:1 vötn/lón og hættuminni svæði.			
218-1.8	Til er skrifleg áætlun um viðhald, þrif og endurnýjun öryggisbúnaðar. Í henni er m.a. fjallað um eftirfarandi: a. Reglulega skoðun og prófun búnaðar. b. Sótthreinsun og þrif á búnaði. c. Líftíma búnaðar m.t.t. aldurs og notkunar (sjá viðurkennd viðmið framleiðanda).			
218-1.9	Í undirbúningi fyrir hverja ferð fara leiðsögumenn yfir gátlista þar sem fram koma atriði varðandi m.a.: a. Ferðaáætlun og leiðir sem fara skal. b. Veðurspá. c. Flóðatöflur. d. Búnað. e. Upplýsingar um viðskiptavini. f. Að viðbragðsáætlanir séu ávallt með/aðgengilegar í ferðum.			
218-1.10	Til er gátlisti fyrir leiðsögumenn um þau öryggisatriði sem farið er yfir með viðskiptavinum fyrir ferð og á meðan á ferð stendur m.a. varðandi: a. Staðhætti og veðurskilyrði.			

	<p><b>b. Tímaáætlun.</b></p> <p>c. Öryggisráðstafanir þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar vegna aðstæðna, m.a. þar sem er mikill vindur og ókyrr sjór.</p> <p>d. Réttta notkun kajaka og búnaðar, t.d. svuntu, stýrispedala og flotbúnaðar/björgunarvestis.</p> <p>e. Róður og stýringu.</p> <p>f. Notkun neyðarbúnaðar t.d. hreinsidælur, tæki til að ausa, blys, vara-árablöð, viðgerðarsett.</p> <p>g. Viðbrögð ef kajak hvolfir og aðferðir til að losa sig frá honum.</p> <p>h. Brimlendingar og sjósetningu kajaka í brimgarði, ef við á.</p> <p>i. Viðeigandi skjólfatnað og búnað.</p> <p>j. Næringu, drykkjarföng og aðgengi að vatni í ferð.</p> <p>k. 112 neyðarnúmer á Íslandi.</p>			
218-1.11	Fyrirtækið upplýsir starfsfólk og viðskiptavinum um nauðsyn þess að vera í góðu líkamlegu ástandi og að neysla áfengis eða vímuefna geti komið í veg fyrir þátttöku í ferð.			
218-1.12	Meðan ferð stendur yfir fylgist leiðsögumaður stöðugt með veðri og sjólagi svo og hæfni viðskiptavina. Sé um að ræða meira en eins dags ferð, hafa leiðsögumenn aðgang að veðurspá meðan á ferð stendur.			
218-1.13	Fyrir allar ferðir, hvort sem er með eða án leiðsagnar fá viðskiptavinir eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Kajak í góðu ástandi og viðeigandi búnað.</li> <li>b. Árablað.</li> <li>c. Hlífðarþilfar af rétttri stærð (nema kajakinn sé af þeirri gerð sem setið er ofan á).</li> <li>d. Björgunarvesti af rétttri stærð, með flautu.</li> </ul>			

	<p>e. Austursbúnað fyrir hvern kajak og a.m.k. eina kjölvatnsdælu fyrir hvern hóp, sem hægt er að nota án þess að fjarlægja hlífðarþilfarið, nema ræðarahylkið sé hannað þannig að það þurrki sig með sjálfvirkum hætti.</p> <p>f. Að lágmarki tvö hentug vatnsvarin neyðarblys fyrir hvern hóp.</p> <p>g. Að lágmarki tvö vatnsvarin landakort.</p>			
218-1.14	Fyrirtækið hefur sett sér skriflegar viðmiðunarreglur um hvenær beri að aflýsa ferð vegna veðurs.			
<b>218-2</b>	<b>Umhverfi</b>	<b>Já</b>	<b>Á ekki við</b>	<b>Hvernig uppfyllt/skýringar</b>
218-2.1	Ávallt eru notaðir merktir vegir eða viðurkenndir ökuslóðar. Þar sem þess er ekki kostur skal forðast að aka um svæði þar sem náttúrufar er viðkvæmt, sbr. gildandi lög um náttúruvernd.			
218-2.2	Viðskiptavinir eru fræddir um salernisúrræði þar sem hefðbundin aðstaða er ekki fyrir hendi.			
218-2.3	Allur úrgangur sem ekki eyðist í náttúrunni er fjarlægður.			
218-2.4	Í upphafi ferðar minnir leiðsögumaður viðskiptavini á ábyrga ferðahegðun.			
<b>218-3</b>	<b>Menntun og þjálfun</b>	<b>Já</b>	<b>Á ekki við</b>	<b>Hvernig uppfyllt/skýringar</b>
218-3.1	Leiðsögumenn fá þjálfun í notkun tækjabúnaðar m.a. til að geta gefið upp staðsetningu og veitt upplýsingar um aðgengi að því svæði sem farið er um ef kalla þarf eftir aðstoð. Í þjálfuninni skal m.a. fara yfir eftirfarandi: <p>a. Notkun áttavita og korts.</p>			

	<p>b. Notkun GPS staðsetningartækis.</p> <p>c. Notkun viðeigandi fjarskiptamáta fyrir mismunandi svæði, t.d. farsími, talstöð og Tetra.</p>			
218-3.2	Leiðsögumenn hafa hlotið viðeigandi þjálfun í meðferð báta og búnaðar.			
218-3.3	Leiðsögumenn hafa ítarlega þekkingu og reynslu af ferðum á kajökum á því svæði sem ferðast er um.			
218-3.4	Leiðsögumenn hafa lokið námskeiðinu <i>Fyrsta hjálp 1</i> (20 klst.) hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu skyndihjálparnámskeiði* hjá viðurkenndum aðila og sækja upprifjunarnámskeið (4 klst.) á tveggja ára fresti.			
218-3.5	A.m.k. einn leiðsögumaður í hverri ferð um óbyggðir** hefur lokið námskeiðinu <i>Vettvangshjálpu í óbyggðum (WFR)</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði* hjá öðrum aðila og sækir upprifjunarnámskeið á þriggja ára fresti.			
218-3.6	A.m.k. einn leiðsögumaður í hverri ferð á straumvatni hefur lokið námskeiðinu <i>Straumvatnsbjörgun 2</i> . (Er með gilt skírteini sem <i>Swiftwater Rescue Technician</i> frá viðurkenndum aðila t.d. Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða <i>Rescue 3 International</i> ).			
218-3.7	Í ferðum á sjókajak hefur yfirleiðsögumaður lokið <i>ISKGA Coastal Guide</i> eða <i>BCU 4 Star Leader</i> .			
218-3.8	Í ferðum á <i>Sit On Top (SOT)</i> kajökum hafa leiðsögumenn lokið öryggisnámskeiði á SOT kajaka samkvæmt ISKGA.			

\*Ef leiðsögumaður hefur lokið námskeiði frá öðrum aðila þarf að skila skriflegum gögnum varðandi það til úttektaraðila. Gögnin þurfa m.a. að innihalda námskeiðslýsingu og upplýsingar um leiðbeinanda námskeiðsins. Úttektaraðili metur hvort að námskeið teljist sambærilegt.

\*\*Óbyggðir eru staðir eða svæði þar sem tekur a.m.k. tvær klst. að fá utanaðkomandi bjargir.